

Viljayfirlýsing um stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu hafa átt í viðræðum um stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Miðstöðin, sem gengið hefur undir nafninu Bjarkahlíð, yrði tilraunaverkefni til ársloka 2018. Gert er ráð fyrir að starfsemin hefjist 2016.

Markmiðið er að Bjarkahlíð verði griðastaður fyrir brotþola ofbeldis, konur og karla, sem hafa m.a. verið beittir kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánnum samböndum eða eru brotþolar í mansalsmálum og/eða vændi. Þar verði fullorðnum einstaklingum sem orðið hafa fyrir ofbeldi veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf. Starfsemin mun fara fram í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar, Bjarkahlíð við Bústaðaveg.

Starfsemin mun felast í þjónustu sem neðangreindir samstarfsaðilar veita en gert er ráð fyrir að brotþolum gefist kostur á viðtölum og ráðgjöf hjá félagsráðgjafa, lögreglu, grasrótarsamtökum og öðrum samstarfsaðilum, þeim að kostnaðarlausu. Í boði verður bráðþjónusta þar sem meðal annars lögreglan getur komið beint með einstaklinga og tekið skýrslu, vísað til viðtals hjá ráðgjafa og tengt við aðra þjónustuaðila. Réttindagæslumenn fatlaðs fólks geta vísað skjólstæðingum sínum til Bjarkahlíðar og komið með þeim. Framhaldsviðtöl og ráðgjöf verður í boði svo og tenging við aðra þjónustu sem er til staðar, ekki síst velferðarþjónusta sveitarfélaganna og barnaverndarkerfið. Jafnframt verður aðstaða fyrir börn á meðan foreldrar eru í viðtölum.

Þjónustan miðast við Reykjavík til að byrja með en gert er ráð fyrir aðkomu annarra sveitarfélaga að verkefninu þegar fram í sækir. Framlag samstarfsaðila verður með ýmsum hætti, þ.m.t. vinnuframlag. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, búnað og stendur straum af rekstrarkostnaði hússins vegna þessa. Velferðarráðuneytið ábyrgist ákveðið fjármagn til rekstrarins, 10 m.kr. á árinu 2016 og 20 m.kr. á hvoru ári árin 2017 og 2018. Jafnframt verði leitað til annarra ráðuneyta vegna þessa verkefnisins. Nánar verður kveðið á um þetta samstarf í samningum milli aðila. Einnig er gert ráð fyrir að leitað verði eftir stuðningi meðal fyrirtækja og annarra aðila með samfélagslega ábyrgð.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari lýsa sig reiðubúna til að vinna áfram að því að þjónustumiðstöðin verði að veruleika í samræmi við framangreindar áherslur.

Reykjavík xx september 2016

Reykjavíkurborg

Félags- og húsnæðismálaráðherra

Innanríkisráðuneytið

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samtök um kvennaathvarf

Drekaslóð

Stígamót

Kvennaráðgjöfin

Mannréttindaskrifstofa Íslands
